

Fundargerð

16. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2018-2020, haldinn í fundarsal ÍSÍ Laugardal þriðjudaginn 12. mars 2019.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Fjóla Signý Hannesdóttir, Kári Steinn Karlsson, Guðlaug Baldvinsdóttir, Gunnar Svavarsson, Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri FRÍ og Íris Berg Bryde verkefnastjóri FRÍ.

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð - Fundargerð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Samþykkt rafrænt erindi milli funda, tengdust staðfestingu á þátttöku á EM Glasgow. Formaður sendi einnig skýrslu um Nordicþing og EM í Glasgow. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. Merki FRÍ

Framkvæmdastjóri fór yfir þankagang varðandi merki FRÍ m.t.t. lýðheilsu og fjölbreytileika. Umræður. Ákveðið að setja málið í farveg á þann hátt að ræða það opið innan hreyfingarinnar. Taka umræðuna aftur upp í kjölfarið.

3. Starfsmannamál

Heimild stjórnar hefur verið gefin til ráðningar á verkefnastjóra á skrifstofuna. Formanni og framkvæmdastjóra hefur verið falið að vinna í þeim þætti.

4. Formannafundur

Ákveðið að keyra inn á miðvikudaginn 10. apríl. Auglýsa strax á meðal aðildarfélagum. Opinn fundur og netvænn. Föst atriði sbr. reglur auk stefnumótunatriða í ræðu formanns.

5. Forsetahlaup ÍSÍ

Rætt um ýmsar útfærslur. Mikil umræða og litið til þess hvað starfshópurinn og langhlaupanefndin hafa verið að gera. Rætt um samstarf við viðburðaraðila. Niðurstaðan að halda áfram með verkefnið þó að hægt fari.

6. Önnur mál

- Afrekssjóður ÍSÍ hefur tilkynnt um úthlutun til FRÍ.
- Þjóðarleikvangur í Laugardal. Rætt um störf mannvirkjanefndar.
- NM í þraut, stefnt á að vera með 2023.
- Fjármál – Gjaldkeri gerði grein fyrir uppgjörsvinnu 2018 – Umræða.
- Stefnumótunarfundur stjórnar FRÍ. Formaður gerir grein fyrir hvernig fundurinn sem verður í kjölfar stjórnarfundar verður unnin. Skipt í tvo hópa sem fá afmörkuð verkefni. Allir mjög spenntir.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 17:55 með því að Íris stökk af stað en lofaði að koma aftur.

Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson og Fjóla Signý Hannesdóttir.